



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 23. nóvember 2016

Ákvörðun nr. 33/2016

## **Samruni Greenwater ehf. og Kiosk ehf.**

### **I.**

#### **Málavextir og málsmeðferð**

Hinn 27. október 2016 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna Greenwater ehf. (Greenwater) og Kiosk ehf. (Kiosk) með bréfi. Með bréfinu barst samrunaskrá sem var í samræmi við ákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005 með síðari breytingum og reglur nr. 648/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum með síðari breytingum. Um var að ræða svokallaða styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur eftirlitsins nr. 684/2008. Greiðsla samrunagjalds var innt af hendi þann 27. október 2016. Með bréfi dags. 1. nóvember sl. var samrunaaðilum tilkynnt að nefnd samrunatilkynning teldist fullnægjandi samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga, sbr. framangreindar reglur eftirlitsins. Í ljósi þess byrjuðu frestir Samkeppniseftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 17. gr. d samkeppnislaga að líða frá og með 28. október 2016.

Ýmis gögn og upplýsingar liggja fyrir frá samrunaaðilum, auk þess sem Samkeppniseftirlitið hefur aflað upplýsinga með öðrum hætti s.s. frá keppinautum samrunaaðila. Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur upplýsingar þær sem eftirlitið býr yfir skipta máli fyrir niðurstöðu máls þessa er þeirra getið í ákvörðun þessari.

### **II.**

#### **Samruninn**

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna.

Í því tilviki sem hér er um að ræða hefur Greenwater keypt alla hluti í Kiosk og öðlast þannig yferráð yfir því félagi og rekstri þess. Samkvæmt samrunaskrá er aðalmarkmið Greenwater með samrunanum að fjárfesta í góðum rekstri Kiosk og reka það með svipuðum hætti og verið hefur en samlegðaráhrif verði takmörkuð og aðallega bundin við stjórnun og umsýslu á skrifstofu.

#### **1. Markaðir málsins og staða fyrirtækja á þeim**

Greenwater er eignarhaldsfélag sem á 100% hlut í fjórum einkahlutafélögum; Húsgagnahöllinni ehf. sem rekur verslunina Húsgagnahöllina, Dorma Holtagörðum ehf. sem rekur verslanir Dorma í Reykjavík og Kópavogi, Radix ehf. sem er rekstraraðili Beta baks verslananna í Reykjavík og á Ísafirði sem og Ger innflutningi ehf. sem sér um lager,



markaðsmál og stjórnun þriggja fyrstnefndu félaganna og verslana rekinna af þeim félögum.

Greenwater er í eigu tveggja einstaklinga til helminga. Annar þeirra er 100% eigandi Reykjavík Beds ehf. sem flytur inn ákveðna tegund rúma, selur þau til Radix ehf. sem kemur þeim í smásölu í verslunum Betra baks. Hvorugur eigandinn er í öðrum rekstri sem tengist þeim mörkuðum sem hér er fjallað um en báðir eiga þó aðild að stjórnnum annarra félaga.

Kiosk er einkahlutafélag sem heldur utan um rekstur verslana Søstrene Grene á Íslandi, þ.e. í Kópavogi og í Reykjavík. Reksturinn fer fram á grundvelli sérleyfissamnings sem Kiosk hefur gert við Søstrene Grenes Import A/S í Danmörku. Kiosk er í eigu þriggja einstaklinga, einn einstaklingur á 50% hlut og tveir einstaklingar 25% hlut hvor.

Í samrunaskrá kemur fram að samrunaaðilar starfi, að mati þeirra sjálfra, á mörkuðum fyrir annars vegar smásölu á húsgögnum og hins vegar smásölu á smávöru. Kiosk starfi að mestu leyti á markaði fyrir smásölu á smávöru þó verslanir félagsins selji minni húsgögn í litlum mæli. Þá starfi Húsgagnahöllin bæði á markaði fyrir smásölu á smávöru og smásölu á húsgögnum. Að mati samrunaaðila má skipta mörkuðum þessum í undirflokkka með nákvæmari hætti en þess sé ekki þörf í tengslum við mál þetta.

Samkeppniseftirlitið sér ekki ástæðu til þess að vera ósammála fyrrgreindu mati samrunaaðila varðandi skilgreiningu á mörkuðum þessa máls. Samkeppniseftirlitið rannsakaði markaði málsins og undir þeirri rannsókn varð ljóst að fjölmörg fyrirtæki starfa á þeim í samkeppni við samrunaaðila. Samkeppniseftirlitið hafði m.a. samband við ákveðna keppinauta í þeim tilgangi að kanna stöðu á mörkuðum málsins og breyttu þau samskipti ekki mati eftirlitsins sem nefnt er hér á undan. Sem dæmi um keppinauta samrunaaðila má nefna Rúmfatalagerinn ehf., Tiger Ísland ehf., Ilva ehf., verslunina Ikea (Miklatorg hf.), o.fl.

Samrunaaðilar telja markaðshlutdeild sína á markaði ekki nema því marki að hún hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist. Þá telja samrunaaðilar að samruninn verði ekki til þess að raska samkeppni á markaði að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Grundvöllur þess mats er sá að keppinautar eru fjölmargir og sumir hverjir með töluvert meiri markaðshlutdeild en samrunaaðilar.

## **2. Áhrif samrunans**

Við mat á samkeppnislegum áhrifum af samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þes að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Aðaláhrifa samrunans mun gæta á markaði fyrir smásölu á smávöru á Íslandi enda helsta skörun samrunaaðila á þeim markaði. Líkt og áður hefur komið fram eru keppinautar fjölmargir á þessum mörkuðum. Samkeppniseftirlitið tekur undir þau sjónarmið



samrunaaðila að áhrif samrunans á þessa markaði séu takmörkuð og bendi ekki til þess að samruninn muni hafa samkeppnishamlandi áhrif á þá.

### **III.**

#### **Niðurstaða**

Líkt og greint hefur verið frá í ákvörðun þessari starfa samrunaaðilar á sömu mörkuðum. Ekkert hefur komið fram við rannsókn málsins sem leiðir til þess að samrunaaðilar hafi eða muni öðlast markaðsráðandi stöðu á mörkuðum fyrir annars vegar smásölu á húsgögnum eða hins vegar smásölu á smávöru með samruna þessum.

Að öllu framangreindu virtu er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna þessa samruna, s.s. með íhlutun í formi ógildingar eða setningu skilyrða.

### **IV.**

#### **Ákvörðunarorð**

**„Kaup Greenwater ehf. á Kiosk ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson